

Nd.

18. Frumvarp til laga

[15. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975—76).

I. KAFLI

1. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Þegar fangi hefur tekið út $\frac{2}{3}$ hluta refsitímans, en þó minnst 4 mánuði, getur dómismálaráðherra eða annað stjórnvald, sem hann felur úrlausn slíks máls, ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

Reynslulausn má þó veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans.

Reynslulausn úr fangelsi verður ekki veitt, ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör, sem nægja honum til lífsuppeldis. Yfirlýsing hans skal og fengin um það, að hann vilji hlíta skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir reynslulausn.

Þegar fangi fær lausn til reynslu, skal afhenda honum skírteini, er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

2. gr.

41. gr. orðist svo:

Reynslutími skal vera allt að 3 árum. Nú er refsivist sú, sem eftir stendur, lengri en 3 ár, og má þá ákveða reynslutíma allt að 5 árum.

Það er skilyrði reynslulausnar, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Ákveða má, að reynslulausn skuli vera bundin því skilyrði, að aðili sé háður umsjón og eftirliti samkvæmt 14. gr. laga nr. 38 24. apríl 1973, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans. Enn fremur má binda reynslulausn þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 3. málsg. 57. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 22 3. maí 1955. Skilyrði um vistun á hæli getur þó eigi staðið lengur en til loka refsitímans.

Dómismálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur úrlausn máls, tekur ákvarðanir samkvæmt 1. og 2. málsg. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.

3. gr.

42. gr. orðist svo:

Fremji aðili nýtt brot, eftir að hann hlaut reynslulausn og réttarrannsókn út af því hefst fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll, sem fjallar um mál þetta, refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um og svo með hliðsjón af refsivist, sem ólokið er, samkvæmt reglum 60. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 22 3. maí 1955, þannig að refsivist eftir eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

Rjúfi aðili skilorð að öðru leyti, svo og ef hann fremur ótvírætt brot á alm. hegningarlögum, getur dómismálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur úrlausn þess máls, ákveðið, hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdar allt að lögmæltu hámarki hans eða að aðili taki út refsingu, sem eftir stendur.

Nú er ekki tekin ákvörðun um, að aðili taki út refsivist, sem hann átti ólokið, sbr. 1. og 2. málsg., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki, er aðili fékk reynslulausn.

Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar refsitíma, sbr. 2. málsg. og má þá veita reynslulausn, þótt eigi sé fullnægt tímaskildögum þeim, sem greinir í 1. og 2. málsg. 40. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 41. gr. um reynslutíma, þó þannig að frá er dreginn sá tími, sem aðili hefur notið reynslulausnar áður.

Nú er aðili, sem sætt hefur nokkrum hluta refsivistar, náðaður skilorðsbundið, og er þá heimilt að setja aðila þau skilyrði, að hann hlíti ákvæðum 1.—4. málsg. þessarar greinar.

II. KAFLI

4. gr.

1. málsg. 232. gr. laganna orðist svo:

Ef maður, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Áminning lögreglunnar hefur gildi í 5 ár.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hegningarlaganefnd vinnur nú að endurskoðun á ýmsum þáttum hegningarlaganna og er frumvarp þetta hluti af því verki nefndarinnar.

Nefndin var endurskipuð 25. júní 1971 og hefur hún þegar gengið frá nokkrum tillögum til breytinga á lögnum, sem hlotið hafa staðfestingu Alþingis.

Í nefndinni eiga nú sæti dr. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari, sem er formaður nefndarinnar, Þórður Björnsson, ríkissaksóknari og Jónatan Þórmundsson, prófessor. Ritari nefndarinnar er Jón Thors, deildarstjóri.

Frumvarp þetta skiptist í tvo kafla, annar fjallar um reynslulausn, 40.—42. gr. laganna, og hinn er tillaga til breytingar á 1. mgr. 232. gr. laganna, sem fjallar um röskun á friði einstaklinga.

Nefndin lét fylgja frumvarpinu ítarlega greinargerð svohljóðandi:

Um I. kafla.

Ákvæði frv. um reynslulausn úr refsivist, 1.—3. gr. frv.

I. A.

Almennar athugasemdir.

Reynslulausn úr refsivist er réttarúrræði, sem að jafnaði er talið eiga rót að rekja til enskrar og amerískrar réttarvenju og síðar löggjafar einkum frá 19. öld. Á meginlandi Evrópu gætti þegar á 18. öld sjónarmiða um refsifullnustu, sem sverja sig í ætt við reynslulausn, en löggjöf þar og m. a. á Norðurlöndum hefir í ríku mæli verið reist á enskum og amerískum fyrirmyndum, og stafa mestmegnis frá síðustu árum 19. aldar og 20. öld. Reynslulausn á meginlandi Evrópu og Norðurlöndum hefir þróast að marki á grundvelli venja, sem mótast hafa um náðanir, en þess er einnig að geta, að veruleg sakfræðileg tengsl eru milli skilorðsrefsingar og reynslulausnar, þ. á m. frá sögulegu sjónarmiði. Lagaákvæðin í Norðurlandalögum um reynslulausn eru frá þessari öld, sbr. t. d. dönsku hegningarlögin frá 1930 og hin íslensku frá 1940, en ákvæði 40.—42. gr. síðargreindu laganna um reynslu-

lausn voru nýmæli á sínum tíma. Eru sakfræðingar á einu máli um, að úrræði þetta hafi gefið góða raun, einkum þar sem vól hefur verið á traustri umsjónar- og aðstoðarstarfsemi í tengslum við reynslulausnina. Á síðustu árum hefir verið reynt að samræma reglurnar um reynslulausn í norrænu refsilögum, og varð þetta sérstaklega brýnt, þegar lög voru sett hvarvetna á Norðurlöndum um gagnkvæma viðurkenningu á norrænum refsilögum og fullnustu þeirra, sbr. hér á landi lög nr. 69/1963. Norræna refsilaganefndin tók þetta málefni til umræðu og meðferðar og skilaði álitargerð 1970, sbr. Nordisk udredningsserie 3/1970. Er þar rækileg greinargerð um mismuninn á norrænum refsilögum á þessu sviði, svo og hugmyndir og meðmæli nefndarinnar um breytingar á einstökum atriðum til samræmingar. Er þess raunar að geta, að ákvæðum þessum var breytt á öllum Norðurlöndum á árunum 1965—1967, nema hér á landi, en 42. gr. alm. hegningarlaga var þó breytt litillega með lögum nr. 31/1961.

Tillögur hegningarlaganefndar, sem settar eru fram í frumvarpi þessu, til breytinga á 40.—42. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 31/1961, taka mjög mið af meðmælum norrænu hegningarlaganefndarinnar, en byggja að öðru leyti á heimafenginni reynslu og hinum sérstöku aðstæðum hér á landi á refsigæslusviðinu.

Hegningarlaganefnd telur, að ákvæði um reynslulausn gegni mikilvægu hlutverki, en verulegra breytinga sé þörf. af reynslulausn á að koma að því gagni, sem að er stefnt í refsiframkvæmd og refsilöggjöf nútímans. Hvorttveggja er, að ákvæðin þurfa að vera til muna sveigjanlegri en nú er og svo rækilegri í ýmsum greinum. Svo sem alkunna er, kveður miklu meira að náðunum hér á landi en í grannlöndunum. Öðrum þæði kann það að stafa af því, að ákvæðin um reynslulausn hafa ekki veitt nægilegt svigrúm — þau hafa bundið um of hendur stjórnvalda — þótt aðrar ástæður vegi þar meir. Almennt verður að telja, að frá sakfræðilegu síónarmiði sé varhugavert að heita náðunum í ríkum mæli — þær eiga samkv. þeim sakfræðirökum, sem að haki þúa, að ná til sérstæðra tilvika. Er vafalaust hyggilegt að gera reynslulausn svo úr garði. hæði í lögum og lagaframkvæmd, að hún geti gegnt því hlutverki, sem náðun gegnir nú, og komi í stað hennar í vel flestum tilvikum. Þótt ljóst sé, að náðun eigi við í sérstökum tilvikum, og enda stjórnarskrár bundið réttarúrræði.

Reynslan hér á landi og víða í löndum sýnir, að reynslulausn þarf að hafa að bakharli aðilja eða stofnun, sem gegnir virkri tilsjónar- og liðsinnisstarfsemi til aðstoðar fóngum í heim miklu aðlögunarferfiðleikum, sem hiða þeirra, er refsivist lýkur. Reynslulausn er úrræði, sem veitir svigrúm til að koma við ýmsum skilyrðum, svo sem fyrir mælum um dvalarstað, menntun, vinnu eða varðandi hælisvist o. fl., sbr. að sínu leyti 57. og 58. gr. alm. hegningarlaga um skilorðsdóma. Getu slík skilyrði verið fanganum til aðhalds, styrktar og viðreisnar. Með 14. gr. laga nr. 38/1973 er boðið að starfrækja skuli stofnun „til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir úr fangelsi með skilyrðum.“ Skal stofnunin hafa samvinnu við félagsmálastofnanir, eftir því sem við á. Ber hana mestu nauðsyn til að efla þessa stofnun að starfsliði og starfsaðstöðu. Verður vafalaust lítið úr umbótum á sviði reynslulausnar, nema vandað sé til umsjónar- og eftirlitsháttarins í því réttarúrræði. Reynslulausn er eitt þeirra úrræða, sem flokkast undir refsigæzlu utan refsistofnana (kriminalvård í frihet), en sú skoðun nýtur nú mikils fylgis hiá sakfræðingum, að slík úrræði séu í mörgum tilvikum vænlegri til árangurs en vistun á refsistofnunum langtímum saman.

Fangelsaskýrslur frá hinum Norðurlöndunum sýna, að frá 80%—90% allra fanga fá reynslulausn, nokkuð mismunandi eftir löndum. Hér á landi er ekki til að dreifa skýrslum, sem sýni þetta, enda má segja, að hinar viðtæku náðanir raski öllum samanburðargrundvelli.

I. B.

Höfuðefni 1.—3. gr. frv. og breytingar, sem í þeim felast.

1. Forsendur fyrir reynslulausn, 1. gr. frv.

Með 1. gr. frv. er lagt til, að aukið sé á tvo vegu svigrúm til að veita reynslulausn, miðað við efni 40. gr. alm. hegningarlaga. Í fyrsta lagi er heimilað í 1. málsg. að veita reynslulausn eftir að fangi hefir tekið út $\frac{2}{3}$ hluta refsingar, en þó ekki, fyrr en afplánaðir hafa verið 4 mánuðir af refsitíma. Samkvæmt 40. gr. alm. hegningarlaga er lágmarkstími 8 mánuðir. Í öðru lagi er lagt til í 2. málsg. 1. gr. frv., að heimilað verði að veita reynslulausn, þegar fangi hefir tekið út **helming** refsitímans, ef sérstaklega stendur á, en í gildandi lögum er ávallt áskilið, að fangi hafi tekið út $\frac{2}{3}$ hluta refsitímans. Þessi nýmæli gera tilhögun þessa að mun sveigjanlegri og gera kleift að veita reynslulausn oftar en nú. Ef frv. verður lögfest í þessu horfi, verða ákvæði isl. hegningarlaganna svipuð og á hinum Norðurlöndunum.

Til skýringar við 1. og 2. málsg. 1. gr. skal þetta tekið fram: Gæzluvarðhalds-
vist, er koma skal til frádráttar refsitíma, sbr. 76. gr. alm. hegningarlaga, leggst við afplánaðan refsitíma, þegar beita á reglum 1. málsg. 1. gr. frv. Samkv. 2. málsg. 1. gr. má veita reynslulausn, þegar liðinn er helmingur refsitímans, þótt fangi hafi eigi afplánað 4 mánaða refsivist, svo sem áskilið er í 1. málsg. 1. gr.

Í 3. málsg. 1. gr. frv. er forsendum fyrir reynslulausn að öðru leyti lýst með almennum orðum, svo sem mælt er með í norræna nefndarálitinu, sem fyrr er vikið að. Ef óráðlegt þykir vegna haga fangans að veita honum reynslulausn, skal það ekki gert og ber að ganga úr skugga um, að fangi eigi kost á hentuðum samastað, vinnu og öðrum lífvænlegum kjörum, þ. á m. fyrir atbeina umsjónarstofnunar, sem síðar verður vikið að. Hugsanlegt er, að fangi þyki hættulegur umhverfi sínu, t. d. vegna geðhaga hans, svo að óráðlegt teljist að veita honum reynslulausn. Fleiri ástæður geta og komið hér til, sem geri það sérstaklega ísjárvert að veita lausn úr refsivist. Á hinn bóginn ber að hafa í huga, að jafnvel enn meiri hætta getur stafað af því að sleppa fanga úr fangelsi eftirlitslaust að refsivist afplánaðri en að veita honum reynslulausn. Með reynslulausn er einmitt ætlunin að brúa á hagsfelldan hátt bilið milli refsistofnunar og óskoraðs frelsis fangans, og ætla honum sérstakt liðsinni við þá aðlögunarerfiðleika, sem hans biða.

Við mat á því, hvort veita skuli reynslulausn, vegast á margvísleg sjónarmið. Er ógerlegt að setja fram í lagatexta annað en almenn atriði til leiðsögu.

Áður en ráðherra tekur afstöðu til umsóknar um reynslulausn, mun að jafnaði leitað umsagnar forstöðumanns viðkomandi fangelsis, fangelsisprests, læknis, sem fjallað hefir um mál fanga, ef því er að skipta, svo og aflað sérfræðilegra gagna eftir því, hvernig mál er vaxið. Eigi þykir ástæða til að geta þessa sérstaklega í lagatextanum, og er orðum 1. málsg. 40. gr. alm. hegningarlaga, sem býður að leita tillagna fangelsisstjórnar, sleppt hér.

Í 3. málsg. 1. gr. frv. er haldið því ákvæði núgildandi laga, að fá skuli yfirlýsingu fanga um það, að hann vilji hlíta þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir reynslulausn. Það hlýtur að teljast mikilvæg forsenda fyrir árangri, að fangi sé viðbúinn að hlíta fyrirmælum, og enn fremur þykir tillitið til fangans sjálfs mæla með því, að haldið sé þessu ákvæði 40. gr. alm. hegningarlaga. Þess skal getið, að norræna refsilaganefndin taldi eigi beinlínis þörf á slíku ákvæði. Stjórnvald, er úrlausn veitir um reynslulausn, hefir það vitaskuld í huga, hvort líklegt sé að fangi bregðist vel við skilyrðum, sem honum eru sett, og er forspá stjórnvalds um þetta efni eitt af þeim atriðum, sem áhrif hefir á það, hvort reynslulausn verði veitt eða ekki, sbr. fyrra málslið 3. málsg. 1. gr.

Bent er á, að 4. málsg. 40. gr. alm. hegningarlaga er sleppt í frv. þessu, en hún býður, að sá, sem eftirlit hefir, gefi lögreglustjóra skýrslu um hagi þess, sem sætir reynslulausn, eftir ákvörðun lögreglustjóra. Nú er gert ráð fyrir, að umsjón

verði falin stofnun samkv. 14. gr. laga nr. 38/1973, er starfrækt er undir yfirstjórn dómsmálaráðuneytis (skilorðseftirlit ríkisins). Vinnur sú stofnun að þessum verk-efnum í samvinnu við aðrar félagsstofnanir, þ. á m. lögreglu. Er ekki framfar þörf á sérákvæði um framangreint efni.

2. Kynning á skilyrðum, sem aðila eru sett.

Í 4. málsg. 1. gr. frv. er tekið ákvæði 1. og 2. málslíðs 41. gr. alm. hegningarlaga þess efnis, að fanga, sem fær reynslulausn, skuli afhent skirteini, er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði. Ef skilyrði breytast síðar eftir að reynslulausn er hafin, er rétt að greina þau í skirteini, sem aðili fær í hendur frá stjórnvaldi því, sem fjallar um mál hans. Er mikilvægt, að aðili fái glögga fræðslu um skilyrði þessi, almenn og sérstök, og þá einnig hverju skilorðsrof varði.

Í lokamálsgr. 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955, er dómara boðið að kynna þeim, sem dæmdur er skilorðsbundið, rækilega skilyrðin og gera honum ljósar afleiðingar skilorðsrofa. Er eigi síður brýnt við reynslulausn að hún sé undirbúin vandlega með viðtölum við fangann, og honum sé þá m. a. kynnt skilyrði og hverju skilorðsrof varði. Er nauðsynlegt að lögð sé rækt við þennan þátt málsins.

3. Lengd reynslutíma og tilsjónartíma, 2. gr. 1. málsg. frv.

Samkvæmt 42. gr. 1. málsg. alm. hegningarlaga, svo sem henni var breytt með lögum nr. 31/1961, má ákveða reynslutíma allt að 2 árum, en þó ekki lengri en til loka refsitíma. Í 1. málsg. 2. gr. frv. er lagt til, að reynslutími skuli vera allt að 3 árum, en hann getur þó orðið allt að 5 árum, ef refsivist sú, sem eftir stendur, er lengri en 3 ár. Tekið skal fram, að því atriði, að reynslutími geti ekki orðið lengri en til loka refsitíma, er sleppt í frv., og er mat stjórnvalda á lengd reynslutíma eigi bundið þessu atriði samkv. frv. Er þessi breyting m. a. í samræmi við tillögur norrænu refsilaganefndarinnar.

Benda má á, að samkv. 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, er skilorðstími samkv. skilorðsdómi að jafnaði 2–3 ár, en lágmarkstími er 1 ár og hámarkstími 5 ár. Mjög er fágætt, að skilorðstími sé ákveðinn í dómi lengri en 3 ár, sbr. þó t. d. hrd. 1973, bls. 310 (4 ár).

4. Skilorð við reynslulausn, 2. gr. 2. málsg. frv.

Um það efni er lagt til, að skilorð þessi verði hin sömu sem þau, er lögmælt eru við skilorðsdóma, enda er hér við eðlislíkan félagsvanda að eiga. Samkv. frv. er það lögbundið skilyrði, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma, sbr. 3. málsg. 57. gr. alm. hegningarlaga um skilorðsdóma. Hin skilyrðin eru hins vegar eigi einskorðuð í lögum, heldur má beita þeim eftir ákvörðun stjórnvalds, sem um mál fjallar.

Er þar fyrst að geta þess, að ákveða má, að reynslulausn skuli bundin því skilyrði, að aðili sé háður umsjón og eftirliti samkv. lögum nr. 38/1973, 14. gr., sem áður er vikið að. Eigi er það lögbundið, að aðili sæti eftirliti, þótt ugglaut verði horfið að því ráði í öllum þorra tilvika. Ákvæðið skýtur ekki loku fyrir, að umsjónartími verði styttri en skilorðstími og unnt er að mæla fyrir um umsjón eftir að reynslutími hefst, þótt svo hafi eigi verið gert í öndverðu. Ef fyrirmæli eru sett um umsjón, getur stofnun sú, sem greind er í 14. gr. laga nr. 38/1973, falið hana öðrum en starfsmönnum sínum, ef sérstaklega stendur á, t. d. vini eða vandamanni aðila.

Ennfremur er hægt að koma við sömu skilyrðum og við skilorðsdóma. Er í 2. gr. 2. málsg. frv. vísað til þeirra ákvæða í almennum hegningarlögum, sem

fjalla um skilyrði við skilorðsdóma, þ. e. 57. gr., sbr. lög nr. 22/1955, 4. gr. Þessi skilyrði varða t. d. dvalarstað, vinnu, menntun, notkun tómstunda o. fl. Fyrirmæli geta lotið að banni gegn neyzlu áfengis og deyfilyfja, hælsvistun vegna notkunar áfengis eða deyfilyfja, og skilyrði geta vikið að takmörkun á umráðum, yfir tekjum aðila og greiðslu fébóta fyrir tjón, sem hann olli með broti sínu. Um skilyrði um vistun á hæli er sérstaklega tekið fram í frv.textanum, að það geti eigi staðið lengur en til loka refsítíma. Um efni skilyrða visast að öðru leyti til ofangreindra ákvæða alm. hegningarlaga.

Um skilyrði þau, sem greinir í 2.—4. málslið 2. málsgr. 2. gr. frv. gilda hinar sömu sveigjanlegu reglur sem við skilorðsdóma um brottfellingu einstakra skilyrða, breytingu á þeim og fyrirmæli um ný, ef því er að skipta. Skiptir miklu, að hér sé þeirri stofnun, sem fjallar um umsjón og eftirlit veitt sem mest svigrúm, svo að unnt sé að laga úrræði eftir sérhögum hvers aðilja um sig og viðbrögðum hans og aðstöðu allri.

5. Skilorðsrof, 3. gr. frv.

Ákvæði 3. gr. frv. fjalla m. a. um það, hvernig brugðist skuli við skilorðsrofum. Er þar greint milli þess, hvort skilorðsrof er fólgið í framningu nýs brots eða skilorð er rofið með öðrum hætti. Að sínu leyti er svo gerður munur á því, hvort refsivert brot varði við almenn hegningarlög eða ekki og ef svo er, þá hvort brot sé ótvírætt eða ekki. Skulu þessi atriði nú reifuð stuttlega.

a. Skilorðsrof eru fólgin í nýju broti.

Ef brot varðar við almenn hegningarlög, og það er ótvírætt, getur dómsmálaráðherra mælt fyrir um þau úrræði, sem greind eru í 2. málsgr. 3. gr., þ. á m. kveðið svo á, að aðili taki út refsingu þá, sem eftir stendur. Ef um annars konar brot er að ræða, þ. e. þessum tvennum skilyrðum er eigi fullnægt, er t. d. ekki unnt á þessu stigi að kveða á um fullnustu á eftirstöðvun refsingar, heldur verður að biða eftir úrlausn dóms um refsingu, sbr. 1. málsgr. 3. gr. Með ótvíræðu broti er átt við háttsemi, sem aðili játar að hafa framið, eða óyggjandi gögn benda til, að hann hafi framið, svo sem þegar hann er staðinn að verki. Ákvörðun um, að aðili taki út eftirstöðvar refsingar tekur ekki gildi, fyrr en gæzluvarðhaldi lýkur vegna hins nýja brots.

b. Refsiákvörðun, þegar nýtt brot er framið á reynslutíma.

Samkv. 1. málsgr. 3. gr. er lagt til, að refsiákvörðun hlíti í þessum tilvikum sömu reglum og við rof á skilorði samkv. skilorðsdómi, sem fólgið er í nýju broti, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Ákveður dómstóll þá refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um í fyrsta skipti, og svo með hliðsjón af refsivist, sem ólokið er, þannig að refsivist eftir eldra dómi, sem ekki er afplánuð, er virt með sama hætti og skilorðsdómur. Þetta á einnig við, þótt aðili hafi hafið úttekt á eftirstöðvum refsingar, sbr. 2. málsgr. 3. gr. Dómstóll getur eftir atvikum komið að þeirri niðurstöðu, að refsivist verði ákveðin jafn löng eftirstöðvum af þeirri refsingu, sem aðili á eftir að taka út samkv. eldra dómi, þ. e. þeirri refsingu, sem reynslulausn laut að. Hins vegar getur dómstóll eigi stýtt refsítíma samkv. eldra dómi — þann dóm verður að því leyti að leggja til grundvallar sem fullnaðarúrslit máls. Vera má, að dómstóll, sem fjallar um yngra brot, beiti sektum út af því, og haggi ekki við refsivist samkv. eldra dómi.

c. Skilorðsrof eru fólgin í háttsemi, sem ekki er refsivert brot, 2. og 5. málsgr. 3. gr.

Dómsmálaráðherra kveður þá á um, hverra úrræða skuli neyta sbr. 2. málsgr. 3. gr., þ. á m. hvort aðili skuli látinn hefja úttekt á refsingu, sem eftir stendur.

Hér er að sjálfsögðu byggt á, að sannað sé, að aðili hafi gerzt sekur um háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem feli í sér skilorðsrof. Um sönnunarhlið þessa máls geta verið skiptar skoðanir, svo og um viðbrögð við skilorðsrofum. Fyrir aðila er það að sjálfsögðu örlagaríkast, ef ráðherra ákveður, að hann skuli taka út refsingu, sem eftir stendur.

6. Reynslulausn veitt að nýju eftir rof fyrri reynslulausnar, 4. málsgr. 3. gr.

Í frv. er það fólgið, að um reynslulausn varðandi eftirstöðvar refsingar, sem menn kunna að afplána vegna skilorðsrofs, gildi almennar reglur um reynslulausn. Þó er lagt til í 4. málsgr. 3. gr., að sett verði sérákvæði um slíka afplánun, sem ákveðin er samkv. 2. málsgr. 3. gr. Þegar svo stendur á, má veita reynslulausn óháð tímaskildögum þeim, er greinir í 1. og 2. málsgr. 1. gr. frv., t. d. óháð því að aðili hafi tekið út minnst 4 mánaða refsingu í síðara skipti eða $\frac{2}{3}$ hluta refsitíma (eftir atvikum helming hans). Þykja liggja til þess sakfræðileg rök, að aðili sæti að nokkru öðrum kjörum í þessu efni heldur en þegar um frumúttekt refsingar er að ræða samkv. tilteknum refsidómi. Ákvæði 2. gr. frv. um reynslutíma eiga hér einnig við, þó svo að frá er dreginn sá tími, sem aðili hefir notið reynslulausnar áður. Ef aðili hefir t. d. sætt reynslulausn í eitt ár í fyrra skipti og rétt þætti, er hann hlyti reynslulausn í annað skipti, að reynslutími yrði 3 ár, þá telst honum lokið eftir 2 ár vegna hins fyrra reynslutíma.

7. Hver veiti reynslulausn og taki ákvarðanir um einstök atriði við framkvæmd hennar.

Samkv. 1. málsgr. 1. gr. frv. tekur dómsmálaráðherra ákvörðun um reynslulausn „eða annað stjórnvald, sem hann felur úrlausn slíks máls“. Samkv. 1. og 2. málsgr. (sbr. 3. málsgr.) 2. gr. er einnig lagt til, að dómsmálaráðherra eða stjórnvald, sem hann felur það, ákvarði reynslutíma og ákveði, hvort aðili skuli sæta umsjón og hvort reynslulausn skuli bundin skilyrðum þeim, sem heimilt er að setja fanga samkv. 2. málsgr. 2. gr. frv. Enn ákveður dómsmálaráðherra eða stjórnvald, er hann felur úrlausn máls, hversu brugðist verði við skilorðsrofum eftir 2. málsgr. 3. gr. frv. Umsjón og eftirlit með aðiljum, sem fengið hafa reynslulausn, verður í höndum stofnunar samkv. 14. gr. laga nr. 38/1973, en hún starfar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Rétt er að benda á, að við skilorðsdóma er það ríkissaksóknari, sem tekur ákvörðun um umsjón. Getur hann enn fremur breytt skilyrðum, sem eru þó í öndverðu ákveðin af dómstól, sbr. 58. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 5. gr. laga nr. 22/1955. Dómstóll tekur mál fyrir að nýju að kröfu saksóknara vegna skilorðsrofs, sbr. 59. gr. sömu laga og lög nr. 22/1955, 6. gr. Við reynslulausn er aðstaða um margt önnur en við skilorðsdóma. Reynslulausn er eðlisþáttur í framkvæmd refsingar, en fullnusta refsidóma á undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Er eðlilegt að fela sama stjórnvaldi úrlausn um reynslulausn og því, sem hefir yfirstjórn fangelsismála og fullnustu refsingar. Umsjónarstarfið er eðlilegt að fela stofnun samkv. 14. gr. laga nr. 38/1973, svo sem í því ákvæði segir.

Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti falið sérstöku stjórnvaldi það vald, sem undir hann ber samkv. þessu, að nokkru eða öllu. Hér gæti verið um sérstaka deild í ráðuneyti að ræða eða opinbera stofnun eða nefnd, sem ráðherra skipaði í þessu skyni. Þessu máli yrði skipað með reglugerð, er ráðherra setti, ef til kæmi, en eigi þykir rétt að leggja til, að sett verði sérstök ákvæði, er lúti að skipulagi þessa stjórnvalds, að svo stöddu.

8. Hvenær refsingu teljist fullnægt, ef reynslulausn er veitt.

Samkv. 2. málsgr. 42. gr. alm. hegningarlaga telst refsingu fullnægt í lok reynslutímans, þegar ekki hefir verið tekin ákvörðun um að setja fangann í fangelsi á ný, áður en reynslutíminn er liðinn. Í 3. málsgr. 3. gr. frv. er lagt til, að þessu ákvæði verði breytt þannig að refsingu teljist fullnægt á því tímamarki, er aðili fékk reynslulausn, ef svo fer, að ákvörðun er ekki tekin um að hann afpláni refsingu fyrir lok reynslutíma. Þetta ákvæði er vitaskuld hagstæðara fyrir aðilja, sem reynslulausn fær, en núgildandi reglur. Skiptir máli að setja fram slíkar reglur, þar sem nokkur réttaráhrif eru tengd við lok á refsifullnustu, sbr. t. d. 3. málsgr. 71. gr., og 84. og 85. gr. alm. hegningarlaga.

9. Náðun, 3. gr. 5. málsgr. frv.

Rétt þykir að leggja til, að sú skipan verði lögfest, að heimilt sé að skilorðsbinda náðun og beita þeim skilyrðum, að aðili hlíti ákvæðum 1.—4. málsgr. greinarnnar. Er það ávinningur fyrir stjórnvöld og aðila, sem í hlut á, að lögfest verði ákvæði, er að þessu lúta.

10. Umsjón með mönnum, sem fá reynslulausn, og aðstoð við þá.

Svo sem að framan greinir, er lagt til í frv., að stofnun samkv. 14. gr. laga nr. 38/1973 verði falin umsjón með og aðstoð við þá, sem fengið hafa reynslulausn. Hegningarlaganefnd áréttar þá áherzlu, sem hún leggur á, að þessi stofnun verði búin mannafla, sem henni er þörf til að geta rækt verkefni sitt, svo og veitt starfsaðstaða við hæfi. Ella er hætt við, að lítið verði úr umbótum á löggjöfinni sem slíkri. Refsigæzla utan refsistofnana er um margt álitlegra þjóðfélagslegt úrræði til að hamla gegn brotum en refsigæzla innan stofnana, sem þó verður að líkindum seint komið af án. Hegningarlaganefnd leggur á það áherzlu, að aukin rækt verði lögð við refsigæzlu utan refsistofnana hér á landi. Má benda á í því sambandi, að nú er kostur á sérfróðu starfslíði til að fjalla um slík málefni, og skiptir miklu fyrir þjóðfélagið, að ríkisvald færi sér í nyt þá starfskrafta. Refsigæzla utan refsistofnana verður til muna ódýrari en innan refsistofnana, þótt vel verði gert við umsjónar- og aðstoðarstofnun. Ef slíkri virkri og vel skipulagðri umsjónarstofnun væri komið við, mætti hugsa sér að skilorðsdómar færu verulega í vöxt og refsifullnustutími styttest. Benda ýmsar sakfræðirannsóknir síðari tíma til þess, að slík refsigæzla sé vænlegri til árangurs en hin, sem fram fer að öllu verulegu á refsistofnunum.

Um II. kafla.

Um 4. gr.

Í þessari grein felast tvær breytingar á 1. málsgr. 232. gr. alm. hegningarlaga. Í fyrsta lagi er lagt til, að refsimörk verði þyngd við háttsemi þeirri, er þar greinir, svo að verknaður geti varðað fangelsi allt að 6 mánuðum. Í öðru lagi er lagt til, að lögfest verði, að áminning lögreglu, sem er refsiforsenda samkv. upphafi 232. gr., hafi gildi í 5 ár. Þá er ónæði með símahringingum talið sérstaklega í greininni. Um fyrra atriðið er þess að geta, að slík áreitni, sem í 1. málsgr. 232. gr. getur, er oft næsta meinleg fyrir þann, sem misgert er við og raunar fjölskyldu hans. Ásóknin getur verið margs konar. Hún getur verið fólgin í athafnaleysi jafnt sem athöfn og verið bæði bein og óbein. Sýnist vera þörf á auknum refsiviðurlögum, sem m. a. gera það mögulegt að beita mann gæzluvarðhaldi, meðan á rannsókn sakar stendur, sbr. hins vegar nú 1. tölulið 69. gr. laga nr. 74/1974 og 3. málsgr. 65. gr. stjórnarskrár og hæstaréttardóm 15. apríl 1975, hrd. 1975, bls. 415.